

Tíund og föstufórnir



„**F**ærið alla tíundina í
forðabúrið, . . . og reynið mig
einu sinni á þennan hátt segir
Drottinn allsherjar, hvort ég lýk
ekki upp fyrir yður flóðgáttum
himinsins og úthelli yfir yður
yfirgnæfanlegri blessun.“

Malakí 3:10

Himneskur faðir elskar okkur og vill blessa okkur á öllum lífsins sviðum. Boðorðin sem hann gefur okkur fyrir tilstilli spámannanna sinna, munu hjálpa okkur að vera hamingjusamari. Boðorðið um að greiða tíund, sem var endurreist fyrir tilstilli spámansins Josephs Smith, gefur okkur kost á að taka þátt í uppbyggingu ríkis Guðs á jörðu. Hlýðni við boðorð þetta er skilyrði fyrir skírn í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

*Miklar blessanir
standa þeim til
boða sem hlýða því
boðorði Guðs að
greiða tíund.*

Hvað er tíund?

Tíund er einn tíundi af ábata einhvers sem hann ánafnar kirkju Guðs. Boðorð þetta hefur verið þekkt síðan á tímum Gamla testamentisins. Spámaðurinn Malakí kenndi um mikilvægi tíundar og þeirra blessana sem menn hlytu af því að lifa eftir þessu lögmáli:

„Færið alla tíundina í forðabúrið, . . . og reynið mig einu sinni á þennan hátt segir Drottinn allsherjar, hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himinsins og úthelli yfir yður yfirgnæfanlegri blessun“ (Mal 3:10).

Árið 1838 ítrekaði Drottinn þetta boðorð með spámanninum Joseph Smith:

„[Fólk mitt] . . . [skal] . . . greiða einn tíunda hluta alls ábata síns árlega, og þetta skal vera þeim gildandi lögmál að eilífu“ (Kenning og sáttmálar 119:3–4).

Ábati er skilinn sem tekjur.

Tíund okkar er Drottni heilög og við heiðrum hann með tíundargreiðslu. Tíundargreiðsla sýnir trú okkar á Guð og verk hans.

Hvers vegna ber mér að greiða tíund?

Allt hið góða sem þetta líf geymir er gjöf himnesks föður til okkar. Þegar við ánöfnum honum tíu prósent í staðinn, sýnum við honum elsku okkar, trú og þakk-læti. Við sýnum Guði að við fylgjum honum, jafnvel þótt erfitt reynist; við sýnum honum að við reiðum okkur á hann fremur en peninga eða veraldlega hluti. Himneskur faðir heitir okkur blessunum, ef við erum trúföst, sem eru mun meiri en nokkuð sem við getum gefið í staðinn.

Þótt sumir eigi erfitt með að trúa að þeir hafi ráð á að ánafna þannig einum tíunda hluta af tekjum sínum, komast trúfastir tíundargreiðendur að því að þeir hafa ekki ráð á að sleppa því að greiða tíund. Gáttir himins





ljúkast upp á dásamlegan og raunverulegan hátt og blessunum er úthellt yfir okkur. Móðir ein sem var ekkja sagði við son sinn: „Ég get ekki brauðfætt ykkur börnin án blessana Drottins og þær hlýt ég vegna þess að ég greiði heiðarlega tíund. Þegar ég greiði tíund, get ég reitt mig á loforð Drottins um að hann blessi okkur og við verðum að öðlast þær blessanir til að komast af“ (Dallin H. Oaks, *Ensign*, maí 1994, 33).

Greiðsla tíundar sýnir trú þína á Jesú Krist. Þegar þú reiðir þig á hann, muntu hljóta styrk, leiðsögn og þann stuðning sem þú þarft á að halda í lífi þínu.

Við hljótum andlegan styrk ef við reiðum okkur á Drottin. Þegar við stöndum frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum lífsins, þurfum við aukna trú, aukinn innblástur og aukið hugrekki. Slíkum blessunum er hægt að úthella yfir okkur frá himni, ef við lifum eftir tíundarlögmálinu.

Auk þess finnst mörgum þeir hafa betri stjórn á fjármálum sínum og eigi auðveldara með að uppfylla þarfir sínar, séu þeir trúfastir tíundargreiðendur. Tíundargreiðsla kennir okkur að hafa stjórn á þrám okkar eftir veraldlegum hlutum og vera heiðarleg við samferðafólk okkar. Okkur lærist að reiða okkur á að það sem okkur hefur



hlotnast, með blessunum Drottins og okkar eigin viðleitni, sé nóg fyrir okkar eigin þarfir.

Við munum hljóta blessanir fyrir að greiða tíund, hver sem upphæðin er af tekjum okkar. Þegar Jesús sá konu setja nokkra aura í musterisfjárhirsluna, sagði hann við lærisveina sína: „Þessi fátæka ekkja gaf meira en allir hinir, er lögðu í fjárhirsluna. Allir gáfu þeir af allsnægtum sínum, en hún gaf . . . allt sem hún átti“ (Mark 12:43–44).

Í hvað er tíundarsjóður notaður?

Tíund er fjármögnunarlögmál Drottins fyrir kirkju hans. Tíundarframlög eru alltaf notuð fyrir tilgang Drottins, sem hann opinberar ráði þjóna sinna. Sumt af því sem tíundin er notuð í er:

- Bygging og viðhald mustera, kapella og annarra kirkjubygginga.
- Stuðningur við starfsemi og starfrækslu heima safnaða kirkjunnar.
- Stuðningur við verkefnaáætlanir kirkjunnar, þ.m.t. menntun og ættfræði.

Tíund er einkamál og upplýsingar um framlög eru algjört trúnaðarmál.



JESU KRISTI
KIRKE -
SIDSTE DAGES
HELLUGE

Fasta og föstufórnir

Auk þess að greiða tíund, er okkur boðið að gefa af eigum okkar til hjálpar fátækum og þurfandi. Ein leið til að gera það er að fasta og vera án matar og drykkjar yfir tvær samfelldar máltíðir. Drottinn endurreisti regluna um föstu fyrir tilstilli spámannsins Josephs Smith og kirkjan helgar einn sunnudag í mánuði hverjum slíkri föstu. Fasta, sem alltaf hefur verið merki um sanna kirkju, gefur okkur kost á andlegri endurnýjun og færir okkur nær himneskum föður.

Kirkjuþegnar gefa rausnarlega föstufórn, sem er hluti föstunnar, til umönnunar fátækra og þurfandi. Slík fórn ætti hið minnsta að vera andvirði máltíðanna tveggja sem kirkjuþegnar neituðu sér um í föstunni. Sjóður þessi er notaður til að sjá nauðstöddu fólki, bæði nær og fjær um heim allan, fyrir matvælum, húsaskjóli og öðrum nauðsynjum.

Engin ákveðin upphæð er gefin sem föstufórn. Þegar rausnarlega er gefið í sjóð þennan, munum við njóta bæði andlegra og stundlegra blessana fyrir þrá okkar til að hjálpa öðrum.





FREKARA NÁM

Eftirtaldar spurningar og ritningargreinar gera ykkur kleift að læra meira um reglurnar í þessum bæklingi og hugleiða þær. Neðanmálstexti og gagntilvísanir í ritningunum vísa á frekara efni og ritningargreinar um þessar reglur.

Hvers vegna er tíund mikilvæg?

3 Mós 27:30 (Biblían, Gamla testamentið)

Lúkas 12:16–21 (Biblían, Nýja testamentið)

Hvaða blessanir er hægt að rekja til tíundargreiðslu?

Mal 3:8–12 (Biblían, Gamla testamentið; sjá einnig
3 Ne 24:8–12, Mormónsbók, bls 515)

Matt 6:31–33 (Biblían, Nýja testamentið; sjá einnig
3 Ne 13:31–33, Mormónsbók, bls. 493)

„Tithing,“ *True to the Faith* (trúboðar eða meðlimur kirkjunnar geta hjálpað þér að verða þér úti um eintak af þessari bók. Þú getur líka fundið efnið á www.mormon.org.)

Hvernig get ég hjálpað fátækum og þurfandi?

Jes 58:6–7 (Biblían, Gamla testamentið)

Matt 19:21 (Biblían, Nýja testamentið)

Mósía 4:26 (Mormónsbók, bls. 176)

Hvað ætti ég að gera?

- Halda áfram að lesa Mormónsbók.

Tillaga að lestrarefni: _____

- Byrja að greiða fulla tíund. Biðjast fyrir um hjálp við að halda boðorð hans.

- Sækja kirkju næstkomandi sunnudag.

- Halda áfram að búa sig undir skírnn.


Dagsetning skírnar: _____

- Fara á vefsíðuna www.mormon.org til að læra meira um Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

- Halda áfram að læra meira hjá trúboðunum um hvernig boðorð Guðs geta blessað líf ykkar.

Næsta heimsókn: _____

Nöfn trúboða og símanúmer:



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

www.mormon.org

Upplýsingar um myndir

Kápusíða, hluti af *Kristur og ungi ríki höfðinginn*, eftir Heinrich Hofmann,

Birt með leyfi C. Harrison Conroy Co., Inc.

Bls. 8, hluti af *Allt sem hún átti*, eftir Simon Dewey. © Simon Dewey

Bls. 5, 6, 11, 13, 14 eftir Jan Friis. © Henrik Als

© 2007 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in Germany. Samþykkt á ensku: 2/06.

Þýðing samþykkt: 2/06. Þýðing á *Tithing and Fast Offerings*. Icelandic

ICELANDIC



4 02011 27190 3

01127 190